

Ár 1982, þriðjudaginn 5. janúar, var í málinu nr. 18/1981 kveðinn upp af Yfirfasteignamatsnefnd svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

Málavextir eru þeir, að snemma árs 1981 kærði eigandi fasteignarinnar nr. 1. við Birkihvamm í Kópavogi út af því til Fasteignamats ríkisins, að eignin væri of hátt metin í fasteignamati því, sem tók gildi 1. desember 1980.

Við endurskoðun fasteignamats skömmu áður hafði eignin verið endurmetin og hækkuð stórlega í mati. Samkvæmt fasteignamatsskrá þeirri, sem tók gildi 1. desember 1980, var þessi eign metin á kr. 50.522.000,- að viðbættum bílskúr, sem var metinn á kr. 3.933.000,- Niðurstaða úrskurðar Fasteignamats ríkisins frá 30. apríl 1981 varð sú, að mat skyldi standa óbreytt.

Kærandi vildi ekki una þessum úrskurði og kærði málið til Yfirfasteignamatsnefndar.


Um er að ræða steinsteypt einbýlishús, 390 m<sup>3</sup> að stærð, sem talið er reist árið 1963 á 598 m<sup>2</sup> leigulóð. Samkvæmt þeim gögnum, sem fyrir liggja um stærð hússins, frágang þess og fyrirkomulag, svo og um önnur atriði, sem máli skipta, sbr. 17. gr. laga nr. 94/1976 og 8. gr. reglugerðar nr. 406/1978, verður ekki fallist á, að umrædd fasteign hafi verið of hátt metin í fasteignamati því, sem tók gildi 1. desember 1980.

Ú R S K U R Ð A R O R Ð :


Ofangreind kára er tekið til greina.



Gaukur Jörundsson



Pétur Stefánsson



Guðmundur Magnússon